

Hálendið norðan Vatnajökuls

Skíðagönguferð | 1. – 6. apríl 2021 (Páskar) | 6 dagar – 5 nætur




Fararstjórn: Steingrímur Karlsson (Denni)

Herðubreið, Hafrahvammagljúfur, Snæfell, Laugarfell, Jökuldalsheiði, Möðrudalsfjallgarðar, Vesturöræfi, Sænautasel, Urgur, Ánavatn ... svona mætti lengi telja öll þau meira og minna þekktu örnefni staða sem farið verður um eða eru á næsta leiti í þessari flottu skíðagönguferð um hið margfræga og hrikalega víðerni norðan Vatnajökuls – m.a. sögusvið Sjálfstæðs fólks og Kárahnjúkavirkjunar! Fimm skíðadagar frá Möðrudal, um Jökuldalinn, meðfram Hafrahvammagljúfrum og yfir í Fljótsdalinn

Þátttakendur þurfa að vera í ágætu skíðagönguformi og þarna verður farið um á **ferðaskíðum** (stálkanta utanbrautargönguskíðum) með bakpoka fyrir dagsnestið og fatnað. Svefnpokum og öðrum farangri trússað á milli gististaðanna.

Lágmarksfjöldi 4, hámark 10 manns



Komdu á eigin vegum til Egilsstaða eða Möðrudals - eða fljúgðu áhyggjulaus inn í enn eitt ævintýrið okkar fyrir austan - Ein með öllu, MJÖG MIKIÐ innifalið!

Þessi ferð er farin í samstarfi við Óbyggðasetrið í Fljótsdal <https://wilderness.is/>.

Ferðaráætlun:

Dagur 1 – fimmtudagurinn 1. apríl

Möðrudalur – Sænautasel 23 km

Frá Egilsstöðum er ekið í 1,5 tíma inn til heiða að hæsta byggða bóli á Íslandi, Möðrudal (norðanfolk getur ekið beint í Möðrudal og fengið svo skutl til baka þangað í lok ferðar).

Skammt innan við Möðrudal spenna menn á sig skíðin og liggur dagleiðin um Möðrudalsfjallgarðana, með útsýni yfir til Herðubreiðar, drottningu Íslenskra fjalla, yfir Geitasand og gangan endar síðan við hið sögufræga heiðarbyli Sænautasel, þar sem göngugarpar fá tækifæri til að upplifa að gista á baðstofu lofti.

Dagur 2 – föstudagurinn 2. apríl

Sænautasel – Brú 18 km

Nú liggur leiðin inn faðmviðar heiðar um söguslóðir einnar frægustu bókar H.K. Laxness; Sjálfstæðs fólks. Stefnan er tekin í suðurátt, inn með Ánavatni. Meiri líkur eru á að rekast á hreindýr en mannfólk á þessu svæði. Dagleiðin endar við bæinn Brú á Jökuldal og gist er í bænum Vaðbrekku.

Dagur 3 – laugardagurinn 3. apríl

Brú – Laugavalladalur 18 km



Nú er skíðað inn með Jökulsá í Dal. Farið um Mógilsaura og inn Laugarvalladal.

Náttstaður er í gangnamannakofa þar sem heitur lækur rennur fram af kletti og hægt er að baða sig í einstakri laug, undir heitri náttúrusturtu.

Dagur 4 – sunnudagurinn 4. apríl

Laugavalladalur – Laugarfelli 24 km

Frá Laugarvöllum er haldið að hinum hrikalegu Hafrahvamma-gljúfrum og skíðað meðfram þeim og yfir Jökulsá á stíflunni og síðan mót Snæfelli áfram í átt að Laugarfelli. Úsýni þennan dag er inn á Vatnajökul, Kverkfjöll og vestur á Herðubreið. Við Urginn verður farið í bíla og ekið að fjallahótelinu við Laugarfelli, en þar er lúxus aðstaða með heitri náttúrulegum og hlýju húsi þar sem vel fer um gesti.





Dagur 5 – mánudagurinn 5. apríl

Laugarfell – Óbyggðasetur 14 km

Eftir gott atlæti í Laugarfelli er haldið inn að Kirkjufossi, einum af fjölmörgum fossum í Jökulsá í Fljótsdal. Þaðan er stefnt út með Jökulsá að fossinum Faxe og áfram út Fljótsdalsheiði, að Axará. Þaðan verður gestum skutlað í Óbyggðasetrið, og þar verður svo slegið upp veislu og kvöldvöku. Auk þess sem gestir geta nýtt sér baðhús með heitri laug, gufubaði og slökunarherbergi. Eða skoðað sýninguna um óbyggðir Íslands.

Dagur 6 – þriðjudagurinn 6. apríl

Heim á leið

Að loknum morgunverði í Óbyggðasetrinu er gestum skilað út á flugvöllinn á Egilsstöðum.



Innifalið í verði ferðar:	Flug og flugvallaskattar	01.04.2021: Reykjavík – Egilsstaðir, áætluð brottför 11:45 landing 12:45 06.04.2021: Egilsstaðir – Reykjavík, áætluð brottför 19:00 landing 20:00 Vinsamlegast athugið að flugtímar geta breyst. ATHUGIÐ AÐ EINNIG ER HÆGT AÐ KAUPA ÞESSA FERÐ ÁN FLUGS MILLI REYKJAVÍKUR OG EGILSSTAÐA – SJÁ VERÐ HÉR NEÐAR
	Gisting	Gisting í Sænavataseli - Svefnpokagisting í endurbyggðu heiðarbýli á Jökuldalsheiði Gisting í Vaðbrekku - Svefnpokagisting á sveitabæ Gisting í Laugarvalladal - Svefnpokagisting - Lítill skáli og fábrotið, en heitur foss/laug Gisting í Laugarfelli - upphitað hús, heitar laugar og 2 manna herbergi Gisting í Óbyggðasetrinu - Upplifunargisting í gömlum stíl, með helstu þægindum og baðhúsi/laug/sauna/slökunarherbergi
	Máltíðir	Innifaldar eru allar máltíðir frá hádegisnesti á fyrsta degi fram að morgununverði í Óbyggðasetrinu á brottfarardegi Þ.e. morgunverðir, fjölbreytt nesti fyrir hádegisstopp og kvöldmatur
	Flutningur	Allur akstur samkvæmt áætlun ferðarinnar
	Fararstjórn	Steingrímur Karlsson
Ekki innifalið:	Svefnpokar Skíðabúnaður í fluginu - kr. 3.200 fyrir skíðatösku hvora leið með því að bóka það um leið og ferðina Annað það sem ekki er talið upp í „innifalið“	
Verð:	Verð á mann án flugs Verð á mann með flugi	147.400,- staðgreitt 188.400,- staðgreitt
Greiðslur og gjald-dagar:	Staðfestingargjald: Staðfestingargjald 40.000 þarf að greiða innan 7 daga frá pöntun. Athugið að staðfestingargjald fæst ekki endurgreitt ef til afbókunar af hálfu viðskiptavinar kemur.	Lokagreiðsla: Til að staðgreiðsluverð gildi þarf að greiða ferð að fullu í síðasta lagi 5 vikum fyrir brottför.
Ábendingar: Lágmarks þátttaka er 4 manns. Fjallakofinn-Ævintýraferðir/Ferðaskrifstofan Íslandsvinir áskilur sér rétt til að hætta við ferð fjórum vikum fyrir brottför ef þátttaka er ekki næg og mun þá endurgreiða að fullu. Fjallakofinn-Ævintýraferðir/Ferðaskrifstofan Íslandsvinir og fararstjórn hennar áskilja sér allan rétt til að breyta áætlun ferða ef veður, umferð og/eða ástand vega, eða aðrar ófyrirsjáanlegar aðstæður gefa tilefni til. Þar sem þetta skipulagða ferðalag fellur undir vetrarferðamennsku og útivist að vetrarlagi skal búnaður allra þáttakanda endurspegla það. Einnig skal taka fram að allir kaupendur ferðarinnar taka þátt í þeim athöfnum sem eru hluti af ferðinni af fúsum og frjálsum vilja. Óbyggðasetrið og Fjallakofinn-Ævintýraferðir/ferðaskrifstofan Íslandsvinir bera ekki ábyrgð á því að þáttakendur séu búnir öllum þeim búnaði sem er krafist til þess að ferðast um hálendi Íslands að vetri til á öruggan máta. Krafa er gerð á þátttakendur að þeir séu í líkamlegu og andlegu formi til þess að taka þátt í ferð sem þessari og áskilur ferðaskrifstofan og fararstjórnin sér allan rétt til þess að vísa þátttakendum úr ferðinni ef aðstæður eru metnar þannig og það verður þá á kostnað viðkomandi þáttakanda að koma sér til byggða. Forfallatrygging er ekki í boði í sérferðum ferðaskrifstofunnar. Í mörgum tilfellum er forfallatrygging innifalin í skilmálum greiðslukorta og/eða heimilis- og fjölskyldutrygginga fólks og eru viðskiptavinir hvattir til að hafa samband við banka sinn eða tryggingarfélag til að kanna stöðu mála. Verð ferðar er háð almennum gengisbreytingum, en breytist ekki eftir að hún er að fullu greidd. Fjallakofinn-Ævintýraferðir / Íslandsvinir eru með skilmála sem unnið er eftir varðandi alferð sem þessa og lesa má um hér: http://ferdir.fjallakofinn.is/is/page/skilmalar , auk þess sem flugfélagið getur verið með sína skilmála til viðbótar.		



Frekari upplýsingar og skráning á ferdir@fjallakofinn.is eða í gegnum Messenger inni á Facebook síðu skrifstofunnar <https://www.facebook.com/islandsvinir> eða í síma 5109500
Farþegar í ferðum Fjallakofans-Ævintýraferða njóta sérkjara í Fjallakofanum og gilda þau frá því að staðfestingargjald hefur verið greitt og út almanaksár ferðarinnar.



Flugið:

Fljúgðu skýjum ofar á vit ævintýranna með Air Iceland Connect! Á fimmuðeginum verður flogið með hádegisvélinni kl. 08:25 frá Reykjavík til Egilsstaða og áætluð landing þar kl. 09:25 og síðan með morgunvélinni á þriðjuðeginum frá Egilsstöðum kl. 09:00, áætluð landing kl. 10:00 í Reykjavík

Ábendingar og búnaðarlisti frá Steingrími:

Veður og færð

Eins og við þekkjum þá lætur veðrið ekki segja sér fyrir verkum og því ávallt einhverjir fyrirvara tengdir því. Vetraveður eru farin að stillast í lok mars og apríl og dagar orðnir lengri.
Svæðið norðan Vatnajökuls er víðfeðmt og víða skálar og frekar auðvelt að aðlaga og bregðast við ef veðurspá eða færi er okkur ekki þóknanlegt.
Farangur er trússaður milli skála

Matur

Nauðsynlegt er að vita fyrirfram um sérþarfir í mat svo hægt sé að gera ráðstafanir
Hádegisnesti útbýr hver og einn fyrir sig að morgni; flatbrauð/brauð, álegg, ávextir, bakkelsi, orkustykki, rúsínur og hnetur, pakkasúpur og te

Búnaður

Utanbrautar gönguskíði (stálkantaskíði), gönguskíðaskór og stafir
Góður dagpoki fyrir nesti dagsins og aukaföt.
Fatnaður í takt við ferðir um hálendi Íslands að vetri til
Sundföt
Svefnpoki
Hitabúsi fyrir kaffi, te eða kakó
Nestisbox
Vatnsflaska

Allur búnaður fæst í Fjallakofanum – sjá <https://fjallakofinn.is/>



Athugið:

Allar myndir í þessu skjali eru frá Steingrími Karlssyni / Óbyggðasetrinu og lýsa ekki endilega búnaði eða aðstæðum þessarar ferðar

